


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Myndbygging, teikning og málun MYNL3TS10 Námsáætlun haustönn 2019	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Nafn kennara:	Anna María Guðmann	Sk.stöfun:	AMÍ
Sími: 8978621	Viðtalstími eftir samkomulagi	Netfang	ami@vma.is

Áfangalýsing:

Áfanginn miðar að því að nemandinn hljóti þjálfun á flestum sviðum sem lúta að teikningu og málun. Nemandinn lærir að beita teikningu og málun sem tjáningarmiðli með mismunandi teikni- og málunaraðferðum. Hann vinnur markvisst með efni og aðferðir og ýmsa efnismiðla og verkfæri. Nemandinn skoðar möguleika hverskonar þróunarvinnu og forvinnu fyrir frekari útfærslu á myndverki. Hann er þjálfður í hugmyndavinnu, skissugerð og uppbyggingu tvívíðra myndlistarverka í formi og lit. Reynt er að auka skilning og dýpka tilfinningu nemandans fyrir samspili lita og forma í myndbyggingu og kynna honum merkingar- og táknfræði í meðferð lita og forma. Myndgreining er samofin náminu í þessum áfanga. Nemandinn velur verk þekktara listamanna eða hönnuða til skoðunar með tilliti til myndbyggingar, notkunar lita og stílbrigða. Samhliða vinnu áfangans eru reglulegar umræður þar sem nemandinn kynnir verk sín og tekur þátt í opinni umræðu um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt.

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- mismunandi eignum og aðferðum í málun og teikningu
- tæknilegum þáttum tengdum teikningu, áhöldum og málverki
- hvernig hægt er að ná ólíkum áhrifum með ólíkum eignum og aðferðum
- litablöndun og litasamsetningum og fagorðum tengdum þeim
- táknfræði lita, forma og lína og hvaða áhrif hún hefur á útkomu myndverks
- markvissri þróunarvinnu í sköpunarferlinu og hve mikilvægur góður undirbúningur er fyrir vinnslu myndverka
- forsendum mismunandi myndbyggingar og hve mikil áhrif myndbygging hefur á útkomu myndverks

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með hugmyndir, skissur og teikningar sem listrænan tjáningarmáta
- nota teikningu sem upplýsandi og listrænan frásagnarmáta
- nota form, ljós, skugga og áferð í teikningu og málun
- beita mismunandi efnismiðlum og áhöldum í sköpun skissa og myndverka
- beita litum á fjölbreyttan og tjáningarríkan hátt
- byggja upp myndir í formi, lit og efnisáferð á mismunandi og skapandi máta
- beita ólíkum áhöldum og vinna með mismunandi og ólíkar málunaraðferðir
- formgreina myndir og fjalla um þær á greinargóðan hátt út frá sjónrænum forsendum myndbyggingar
- útfæra og setja fram verkefni sín á frumlegan, skapandi og skipulegan máta

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tileinka sér mismunandi aðferðir við hugmyndavinnu í sköpunarferli
- nýta táknfræði til að greina hvaða möguleg áhrif samsetning lita og forma getur haft á myndverk
- nýta mismunandi aðferðir í teikningu og málun í myndverki

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 3	Myndbygging, teikning og málun MYNL3TS10 Námsáætlun haustönn 2019	

- skapa myndverk með markvissu þróunarferli
- tjá sig um eigin verk og annarra út frá sjónrænum forsendum myndbyggingar
- beita gagnrýnni hugsun og endurskoða verk sín með það að markmiði að gera betur

Námsmat:

Símatsáfangi. Metið er til einkunnar öll verkefni, sköpun, tækni, vinnuferli, virkni í tíma, vinnubrögð, uppsetning og frágangur. Því er mikilvægt að vinna vel öll verkefni þar sem þau telja öll til einkunnar.

Skil eru 2 vikum eftir hverja lotu. Viðtöl við nemendur eru svo í kjölfarið.

Matsform		x símat		Eli lokaverkefni	
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
	litablöndun	5%		uppstilling	20%
	valverkefni	20%		Myndgreining og lokaverk	25%
	Málun og efnisaðferðir	20%		skissubók	10%
Samtals 100%					


Ætlast er til að nemandi mæti í ALLA tíma. Símar eru einnig velkomnir sem NÁMSTÆKI. Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Innkaup

- Skissubók A4.
- Teikniblyantar eða grafitbly í mismunandi mykt, strokleður, yddara, skæri og límstifti,
- 2-3 gervihárpensla og 2-3 svínshárpensla t.d. no. 4, 6, 10 eða 16. Það má líka kaupa stærri pensla sem fást í málningarverslunum.
- Skilamappa/portfoliomappa eða bara búa til möppuna.
- Hægt er að kaupa skissubók og plasmöppu í skólanum (á skrifstofunni).



Lota Námslýsing

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	Myndbygging, teikning og málun MYNL3TS10 Námsáætlun haustönn 2019	

1 ca. 1 vika	Kynning á kennsluáætlun og áfanganum og markmiðum hans. Innkaupalisti kynntur. Litablöndun: Unnið við upphitunarverkefni, litaprufur og liti og litasamsetningar. Dagbók skrifuð í lok vikunnar. <i>Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku.</i>
2 ca. 3-4 vikur	Valverkefni þar sem unnið er með teikningar, efnismeðferð og aðferðir í skissu og hugmyndavinnu. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. <i>Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku.</i> <i>Skil á verkefnum úr lotu 1 og 2 er 2 vikum eftir að lotu lýkur.</i>
3 ca. 3-4 vikur	Málun: Vatnslitir og akrýllitir prófaðir. Gerðar prufur og tilraunir með efnið, áhóldin og aðferðir. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. <i>Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku.</i> <i>Skil á verkefnum 2 vikum eftir að lotu lýkur</i>
4 ca. 3-4 vikur	Uppstilling. Myndir byggðar upp í formi og lit. Uppröðun forma og lita skoðuð með uppstillingum og nemendur skissa og sýna markvissa þróunarvinnu í að skoða formin. Teikning og málun, klippimyndir, ljósmyndir o.fl. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. <i>Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku.</i> <i>Skil á verkefnum 2 vikum eftir að lotu lýkur</i>
5 ca. 3-4 vikur	Myndgreining: Nemendur velja verk eftir ákveðna listamenn sem þeir ætla að vinna með. Nemendur skissa síðan út frá myndverkinu sínar eigin tillögur og hugmyndir og útfæra það með mismunandi myndbyggingu, mismunandi litasamsetningum og sýna fram á markvissa þróunar og skissuvinnu. Listaverkið er jafnframt formgreint og fjallað um það og ferlið í lotunni í skriflegri greinargerð. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. <i>Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku.</i> <i>Skil á verkefnum í síðasta tíma og einni á að skila öllum fyrri lotum líka.</i>
Síðasta vikan	Lokafrágangur verkefna og ALLIR taka þátt í að hengja upp fyrir sýninguna á opnu húsi.
Skil	Skila öllum lotum í síðasta lagi 5. des
LOK	Opið hús og sýning á verkum nemenda verður fimmtudaginn 5. des. kl. 20:00-21:30. Allir mæta og taka þátt.

Tegund	Námsgögn
Bækur og ljósrit	Ýmsar listaverkabækur og ljósrit sem tengjast viðfangsefni hvers og eins.

Athugið: Verkefni skulu sótt á sýnidegi prófa 19. des.

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman að.
Amí (Anna María Guðmann)

Dagsetning: 19.8.2019

Amí Guðmann
Undirritun kennara

Verður gætt
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgæfngils